

1. maí 2024 - Hella

## Við sköpum verðmætin

Ágætu félagar,

ég vil byrja á því að óska ykkur innilega til hamingju með baráttudag verkalýðsins, daginn okkar allra. Það er mér sannur heiður að fá að standa hér í dag og ávarpa þessa samkomu hér á Hellu. Í dag þéttum við raðirnar, fögnum þeim sigrum sem unnist hafa á liðnum árum, horfum fram á veginn og brýnum okkur til áframhaldandi samstöðu.

Yfirskrift dagsins, **Við sköpum verðmætin**, minnir okkur á að verðmæti verða ekki til í tómarúmi. Þeir sem hagnast mest eru sjaldan þeir sem standa vaktina, svitna, slíta sér út eða bera ábyrgð á grunnþjónustu. Þess vegna er nauðsynlegt að minna stöðugt á hvernig raunveruleg verðmæti verða til. Þau verða ekki til í fundarherbergjum, heldur í okkar höndum. Vinnandi fólks, verkafólks stendur á bak við allar grunnstoðir samfélagsins. Það er verkafólkið sem er ómissandi og heldur hjólum samfélagsins gangandi. Ef verkafólk stöðvar vinnu sína, stöðvast allt samfélagið. Styrkur okkar er raunverulegur, ótrúlegur í raun. Við sköpum verðmætin og sanngjörn hlutdeild í þeim arði sem af vinnunni hlýst er réttlát og eðlileg krafa.

Auði á Íslandi er misskipt. Á meðan hagnaður og eignir þeirra sem hafa aðgang að auðlindum landsmanna aukast ár frá ári fer ójöfnuður vaxandi og stór hópur býr við erfiðar efnahagslegar aðstæður, glímir við húsnaðisvanda og líður skort. Um 40% félagsmanna aðildarfélaga SGS á erfitt með að ná endum saman þrátt fyrir langan og slítandi vinnudag. Þegar launin klárast er aðeins of mikið eftir af mánuðinum. Það verður að teljast til skammar í síðuðu samfélagi að markmið um velferð, jöfnuð, lýðræði og réttlæti skuli ítrekað lúta í lægra haldi fyrir græðgi fjármagnsaflanna sem ætíð krefjast hámarkunar síns arðs sama hvað það kostar. Við megum hvergi hvika í baráttunni.

Saga verkalýðsbaráttunnar er saga þrautseigju og sigra. Hún er full af dæmum um fólk sem gekk út, spyrinti við fótum gegn valdi og kúgun, og hafði kjark til að segja: „**Nei, nú er komið nóg.**“

Atvinnurekendur stofna á ölögmætan hátt sín eigin gervistéttarfélög, semja við sig sjálfa um kaup og kjör sem þeim henta og eru mun lakari en lágmarkskjör á vinnumarkaði og blekkja starfsfólk sitt, oft aðflutt verkafólk og ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, til að vinna á þessum kjörum. „**Nei, nú er komið nóg.**“

Hið opinbera heldur áfram á þeirri vegferð að útvista störfum þeirra sem lægst hafa launin, t.d. í ræstingum, til einkafyrirtækja sem lækka laun enn frekar og bjóða óboðleg kjör og vinnuaðstæður. „**Nei, nú er komið nóg.**“

Lágmarkslaun duga ekki til framfærslu, fólk nær ekki að leggja fyrir krónu af sínum launum og kemst ekki út af óhugnalegum leigumarkaðnum í öruggt húsaskjól. „**Nei, nú er komið nóg, við sköpum verðmætin, hingað og ekki lengra.**“

Góðir félagar.

Engin hreyfing heldur afli sínu og styrk án þess að þekkja rætur sínar. Það er nauðsynlegt að vita hvaðan við komum, það er okkar leiðarljós til framtíðar.

Saga verkalýðshreyfingarinnar er lifandi afl sem við getum nýtt okkur, sem hvetur okkur til að gera meira, krefjast meira. Því að baráttan er aldrei búin. Réttindin sem unnin hafa verið á síðustu áratugum eru ekki trygg um alla framtíð. Ýmsir ásælast þau, þau eru stöðugt undir, og við þurfum áfram sem hingað til að verja þau og bæta þau.

Það er líka mikilvægt að ungt fólk kynnist þessari sögu. Að það viti að þau réttindi sem við höfum í dag komu ekki af sjálfu sér. Að þau hafi **ekki** áunnist vegna góðvildar valdhafa eða auðmanna, heldur vegna baráttu fólks sem tók höndum saman í öflugri hreyfingu sem hefur verið eitt mikilvægasta afl framfara á Íslandi. Með því að miðla þessari sögu tryggjum við að nýjar kynslóðir verði tilbúnar að taka við keflinu, ekki með skelfingu heldur stolti.

---

Umræðan um það hverjir skapa verðmætin er ekki síst þörf á árinu 2025, á sjálfu Kvennaári þegar við minnumst þess að 50 ár eru liðin frá kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975 og í haust verða líka 50 ár liðin frá fjölmennasta útifundi Íslandssögunnar þann 24. október 1975 þegar 90% kvenna lögðu niður störf til að mótmæla margvíslegri mismunun gegn konum á vinnumarkaði og vekja athygli á mikilvægi vinnuframlags kvenna, launaðs sem ólaunaðs.

Sannleikurinn er sá að konur hafa alla tíð verið ómissandi hluti af verðmætasköpun samfélagsins, oft í störfum sem eru bæði vanmetin og vanlaunuð. Innlendar sem erlendar rannsóknir sýna að kerfisbundið vanmat á kvennastörfum leiðir til lægri launa kvenna, ekki aðeins á Íslandi heldur um allan heim. Kynbundinn launamunur á sér bæði sögulegar og menningarlegar rætur og þrátt fyrir að hér á Íslandi státum við okkur af því að hafa náð langt í jafnréttisbaráttunni búa konur á Íslandi enn við launamisrétti 60 árum eftir að launajafnrétti var leitt í lög.

Árið 1850 fengu dætur jafnan erfðarétt á við syni. Árið 1861 tóku gildi lög sem veittu ógiftum konum 25 ára og eldri fjárræði, en áður höfðu þær konur þurft að hafa svokallaðan tilsjónarmann sem hafði að eilífu eftirlit með fjármálum þeirra. Giftar konur voru náttúrulega ekki fjárráða og eiginmenn gátu einir ráðstafað eigum þeirra að vild án þess að konan fengi rönd við reist. Þetta breyttist ekki fyrr en með nýjum lögum árið 1900 þegar konur fengu heimild til séreignar og ráðstöfunar eigin eigna og tekna. En jafnvel þá hafði

eiginmaðurinn þó eftir sem áður yfirráð yfir eigum búins. Hugið ykkur hvað það er stutt síðan þetta var.

Við þekkjum þessa sögu og ég ætla ekki að rekja hana í þaula heldur spóla fram á við. Þegar starfsmöguleikum kvenna tók að fjölga á 20. öld samhliða atvinnuuppbyggingu voru þær ekki lengur eingöngu vinnukonur í sveit eða á einkaheimilum. Þær unnu við fiskverkun, í vefnaði og fataiðnaði, við afgreiðslu í verslunum og veitingastöðum og í símastörfum. Þessum störfum var upphaflega sinnt af konum, þær unnu almennt ekki við hlið karla. Kynin unnu í ólíkum störfum. Þetta tíðkaðist lengi vel og gerir víða enn.

Í íslenskum og norrænum rannsóknum kemur fram að þessi kynskipti vinnumarkaður sé ein helsta skýringin á kynbundnum launamun.

Hefðbundnar kvennastéttir sem t.a.m. sinna þrifum, umönnun barna og aldraðra, afgreiðslu og þjónustu hafa alltof lengi verið vanmetnar í hinu stóra samhengi, þrátt fyrir að gegna lykilhlutverki. Þessi störf eru ekki aðeins líkamlega og andlega krefjandi, þau eru burðarás velferðarsamfélagsins. Enginn getur mætt til vinnu, lært eða þroskast án þess að einhver annar sinni umönnun, þrifum og velferð. Og oftast en ekki eru það konur sem bera þá ábyrgð. Konur sem starfa við ræstingar og umönnun fá lægstu launin í íslensku samfélagi. Ráðast þarf í aðgerðir til að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum og tryggja að hægt sé að bera saman jafnverðmæt störf þvert á vinnustaði.

Mögulega eru breytingar í augnsýn á Kvennaárinu 2025. Forseti Íslands er kona, 6 af 11 ráðherrum eru konur, þar á meðal forsætisráðherra. Biskup Íslands, landlæknir og ríkislögreglustjóri eru konur. Formenn allra stjórnarflokkanna þriggja eru konur og forseti Alþingis er kona. Er þetta þá ekki bara að verða komið hjá okkur?

Þótt miklar framfarir hafi orðið er kynbundinn launamunur því miður enn staðreynd því atvinnutekjur kvenna eru ennþá um 21% lægri en karla. Um 40% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi á lífsleiðinni. Um þessar mundir gætir bakslags í jafnréttisbaráttunni og því er nauðsynlegt að efla baráttuna enn frekar og við nýtum kvennaárið til þess.

Kvennabaráttan og verkalýðsbaráttan ættu að vera órofa tengdar, því án jafnréttis á vinnumarkaði verður engin réttlát samfélagsgerð til.

Kæru félagar,

Baráttan fyrir réttlæti, jöfnuði og mannsæmandi lífi er sameiginleg barátta okkar allra, kvenna og karla, innlendra og erlendra, ungs fólks og eldri kynslóða. Og fyrir tilstilli hennar hefur launafólk unnið marga frækna sigra. Við sköpum verðmætin, við berum samfélagið á okkar öxlum og við eigum að njóta sanngjarnrar hlutdeildar.

Þess vegna mætum við hér í dag, stöndum stolt saman þann 1. maí, ekki aðeins til að fagna heldur til að minna okkur á að baráttan heldur áfram. Framtíðin byggist á því sem við gerum í dag og framtíðin er okkar ef við stöndum saman.

Kæru félagar, til hamingju með daginn, megið þið eiga gleðilegan baráttudag.

Björg Bjarnadóttir,  
framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands